



Norðurþing – Stjórnsýsluhús

Ketilsbraut 7-9

640 Húsavík

**Efni:** Athugasemdir vegna tillögu að breytingu deiliskipulags H2 – Norðurhafnar Húsavíkur.

Vísað er til auglýsingar þess efnis á vef Norðurþings frá 7. desember 2022.

Undirritaðir vilja koma eftirfarandi hugðarefnum sínum á framfæri í stuttu máli; við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi og þeim áformum sem umrædd breyting miðar að. Byggingu verksmiðju í hjarta miðbæjar Húsavíkur.

1. Goldið er varhug við því að reisa slíkt mannvirki á umræddum stað vegna nálægðar við íbúabyggð og nálægðar við miðbæ Húsavíkur og þá blómlegu starfsemi sem þar hefur skotið rótum. Á afar takmörkuðu H2 athafnasvæði hafnarinnar og vaxandi umferðar farartækja og annarra vegfarenda. Svo takmörkuðu að engin leið væri til stækkunar umræddrar verksmiðju; nema með enn frekari skerðingu ytri hafnar og frekari áhrifum sjógangs innan hafnar. Þykir flestum nóg um eftir fordæmalausa og ábyrgðarlausu uppfyllingu þess tíma.

Það hefur hvergi þótt góður siður að sníða sér þrengstan stakkinn í landnámi og skipulagi sem þessu. Alvöru verkefni þurfa svigrúm og göfuga hugsun til framtíðar; ef hugur fylgir máli.

2. Iðnaðarsvæðið á Bakka er staðurinn fyrir slíka starfsemi og verður áfram. Það sætir furðu að umrædd verksmiðja hafi ekki verið teiknuð inná það svæði og kynnt; sem er þó ekki talið verra en svo að þar eigi helst að rísa „Iða-Grænir Iðngarðar“. Mikilvægt er að kanna þá möguleika til hlítar með öllum ráðum, áður en lengra er haldið. Slíkt hefur ekki verið gert og enn síður með þeim möguleika að bryggjuspóður gæti komið til greina í Héðinsvíkinni; til löndunar og útskipunar, fyrir allt það magn sem plön eru um. Þau plön eru á sandi byggð og frekar á óskhyggju enn sem komið er.
3. Af tvennu illu. Ef afarkostirnir eru við miðbæinn. Þá telja undirritaðir að suðurfjaran henti mun betur til frekari skoðunar í staðarvali fyrir verksmiðjuna m.a. með þessum punktum:
  - i) Myndi leggja meiri vigt í fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir með aukinni lengingu þvergarðsins til suðurs.
  - ii) Aukið rými til uppskipunar hráefnis og viðlegu með fylgjandi landfyllingu.
  - iii) Löndunaraðstaða fyrir hendi og hafnarvog.
  - iv) Nálægð við stofn hitaveitu.

- v) Möguleikar til stækkunar verksmiðju til suðurs og vesturs.
  - vi) Svokölluð Gestastofa Verksmiðju (sem tíðrætt er um í „söluræðum“) – hún kæmi mun betur að notum, þegar ljóst er að lenging suðurgarðsins gerir legu flestra skemmtiferðaskipa fýsilegri þeim megin og til framtíðar.
  - vii) Möguleikar annarra fyrirtækja á Bakka, haldast opnir á H2 svæðinu.
  - viii) Áhrifa stærðar gætir síður í suðurfjöru og aukið landrymi frekar til staðar.
  - ix) Flutningsleiðir afmarkaðri og utan alfaraleiðar að mestu.
4. Undirritaðir telja að þegar um verkefni af viðlíka stærðargráðu er að ræða; þá þurfi að vanda betur til verka í staðarvali en gert hefur verið – með hagsmuni bæjarbúa og annarra fyrirtækja að leiðarljósi. Eitt af þeim verkfærum sem á skilyrðislaust að nýta er svokölluð; íbúakosning. Það þarf ekki að bíða mánuðum saman eftir „frekari gögnum“ – til þess að íbúar geti gert upp hug sinn um staðarvalið eitt og sér.

Að lokum þetta: Það vakti ákveðna undrun í einni af mörgum umfjöllunum Vikublaðsins um verkefnið; frá 8. desember síðastliðnum – þegar haft var eftir einum viðmælenda þess að „kjörnir fulltrúar væru beittir þrýstingi af ýmsum aðilum til þess að gefa upp afstöðu sína í málinu.“

Undirritaðir telja það einfaldlega hlutverk og skyldu kjörinna fulltrúa að gefa upp afstöðu sína í öllum málum eins fljótt og verða má. Löngu fyrir umrædda dagsetningu. Það sparar bæði tíma og mikla fjármuni. „Þögnin þverrar málstaðinn“.

Þess utan og í framhaldinu; þá er mikilvægt í slíkum meiriháttar ákvarðanatökum að halda því til haga; að **kjörnir fulltrúar sveitarstjórnar eru í vinnu hjá bæjarbúum – en ekki öfugt.**

Lífrikið og Amazonskógar undirdjúpanna í Skjálfanda er svo önnur umræða og flóknari.

*Virðingarfyllst f.h. Gentle Giants*

Húsavík 18.01.2023

Sign. Stefan Gudmunds

**Stefán Guðmundsson**

*Daniel Annisius*

**Daníel C. Annisius**

